

Ár 2015, miðvikudaginn 28. janúar er fundur haldinn í Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Gunnari Guðmundssyni, Sigurði I. Halldórssyni og Halldóri Frímannssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 3/ 2014

Stjórn KSÍ
gegn
Knattspyrnudeild FH

Gögn málsins merkt nr. 1-5 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Stjórn KSÍ, kt.700169-3679, Laugardal, 104 Reykjavík

Kærði:

Knattspyrnudeild FH, kt. 540169-2769, Íþróttasvæðinu Kaplakrika 220 Hafnarfirði.

Dómkröfur:

Kærandi, stjórn KSÍ, vísar meintu broti hins kærða, knattspyrnudeildar FH, á lögum og reglugerðum KSÍ til Aga – og úrskurðarnefndar KSÍ á grundvelli 2. töluliðar 17. greinar laga KSÍ og krefst þess að nefndin beiti viðurlögum við meintu broti þessu í samræmi við 40. grein laga KSÍ.“

II.

Málsatvik og ágreiningsefni.

Á fundi Aga-og úrskurðarnefndar KSÍ þann 12. ágúst s.l. var lagt fram bréf dags. þann 6. ágúst s.l. frá kæranda, þar sem framangreindar kröfur voru gerðar og eftirfarandi grein gerð fyrir málsatvikum, málsástæðum og lagarökum:

„Á fundi stjórnar KSÍ þann 10. júlí s.l. var fjallað um málshöfðun knattspyrnudeildar FH gegn KSÍ fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Stjórn KSÍ samþykkti þar að óska eftir að knattspyrnudeild FH félli frá málshöfðun sinni og virti þar með staðfestingu félagsins á þáttökutilkynningu í mót á vegum KSÍ og lög sambandsins. Knattspyrnudeild FH hefur ekki orðið við þeirri beiðni og því er meintu broti knattspyrnudeildar FH á lögum KSÍ vísað til aga – og úrskurðarnefndar KSÍ í samræmi við 2.tölulið 17.greinar laga KSÍ.

Knattspyrnudeild FH hefur stefnt KSÍ vegna útgáfu aðgönguskírteina á leiki og krefst þess að KSÍ greiði FH kr. 742.500 ásamt dráttarvöxtum vegna útgáfu skírteina sem ekki samræmist reglugerð KSÍ um útgáfu slíkra skírteina.

Jón Rúnar Halldórsson, formaður knattspyrnudeildar FH ritar undir þáttökutilkynningu FH fyrir Íslandsmót og bikarkeppni árin 2013 og 2014 ásamt framkvæmdastjóra félagsins. Í þáttökutilkynningu kemur fram eftirfarandi við undirritun forráðamanna félaga:

„Við undirritaðir staðfestum þáttökutilkynningu þessa og höfum kynnt okkur innihald hennar. Jafnframt staðfestum við að félagið hefur kynnt sér og mun virða, lög, reglugerðir og ákvarðanir KSÍ, m.a. að ágreiningur sem upp kann að koma milli aðila innan hreyfingarinnar verði til lykta leiddur innan hreyfingarinnar eins og kemur fram í grein 39 í lögum KSÍ og grein 44 í leyfisreglugerð KSÍ. Þá staðfestum við einnig að félaginu beri að sjá til þess að leikmenn og aðrir félagsmenn virði lög, reglugerðir og ákvarðanir KSÍ.“

Textinn er feitletraður til að vekja athygli á honum og tryggja að sá sem ritar undir þáttökutilkynningu sé meðvitaður um þessi ákvæði í lögum og leyfisreglugerð KSÍ.

Í 39. grein laga KSÍ segir m.a. að aga – og úrskurðarnefnd og áfrýjunardómstóll KSÍ hafi fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem upp koma innan vébanda KSÍ, sem varða lög og reglugerðir KSÍ eftir því sem við á. Þá segir jafnframt að ágreiningsmál skuli rekin fyrir aga – og úrskurðarnefnd KSÍ og áfrýjunardómstól KSÍ nema það sé sérstaklega heimilað í lögum eða reglugerðum sambandsins að reka málið sérstaklega fyrir nefndum innan KSÍ en aldrei skal heimilt að reka ágreiningsmál fyrir almennum dómstólum.

Gegn þessari staðfestingu FH á þáttökutilkynningu sem og grein 39. grein laga KSÍ hefur knattspyrnudeild FH brotið að mati stjórnar KSÍ. Með því að leggja málið fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur hefur knattspyrnudeild FH farið gegn samkomulagi um að ágreiningur um lög og reglugerðir KSÍ skuli leyst innan hreyfingarinnar. Ágreiningur snýst um túlkun og framkvæmd reglugerðar sem KSÍ setti og FH skuldbatt sig til að virða með undirritun á þáttökutilkynningar. „

III.

Kærði ,knattspyrnudeild FH, var gefinn kostur á að skila greinargerð, sem félagið nýtti sér og sendi til Aga-og úrskurðarnefndar KSÍ þann 19. ágúst s.l.. Engar athugasemdir komu fram af hálfu kærða um kærueimild eða kærufrest.

Dómkröfur:

Kærði, Knattspyrnudeild FH, gerir þær kröfur að kröfum stjórnar KSÍ um að deildin verði beitt viðurlögum verði alfarið hafnað.

Málsástæður:

Í greinargerð sinni gerir kærði grein fyrir málavöxtum, málsástæðum og lagarökum, en þar segir orðrétt:

„Knattspyrnudeild FH hafnar því að hún hafi í störfum sínum brotið gegn lögum og reglum KSÍ þannig að það varði hana viðurlögum. Fyrir því færir deildin eftirtalin rök:

Í 70. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands segir að öllum beri réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur, með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Ákvæði þetta felur í sér grundvallar mannréttindi og nær jafnt til einstaklinga sem lögaðila. Reglan og þau réttindi sem hún skapar íbúum þessa lands gengur því framár öðrum lögum, reglugerðum, öðrum fyrirmælum eða sammingsákvæðum.

Afsal þessara réttinda er ekki skuldbindandi og samningar sem fela í sér slíkt afsal eru ekki gildir og alls ekki skuldbindandi að íslenskum lögum. Hvað sem stendur í lögum

eða reglugerðum KSÍ getur það ekki svipt (sic) aðildarfélög, leikmenn eða aðra þá sem falla í störfum sínum eða leik undir knattspyrnusambandið, þessum grundvallar mannréttindum, að geta látið reyna á rétt sinn fyrir almennum dómstólum.

Skuldbinding aðildarfélaga innan KSÍ til þess að láta reyna á ágreiningsmál sín innan vébanda hreyfingarinnar en ekki fyrir almennum dómstólum, getur eðli máls samkvæmt aðeins náð til mála er varða íþróttina, framkvæmd leikja og annað sem mælt er fyrir um í knattspyrnulögum. Aga- og úrskurðarnefnd og síðan áfrýjunardómstóll KSÍ geta þannig einungis fjallað um lögskipti sem reglur knattspyrnurnar mæla fyrir um, lögskipti sem geta ekki átt undir almenna dómstóla af þeirri einföldu ástæðu að ekki er mælt fyrir um þau í landslögum. Regla 39. gr. laga KSÍ getur því ekki hindrað aðildarfélag, leikmann eða annan aðila í því að leita réttar síns og sækja bætur úr hendi þess sem valdið hefur honum fjárhagslegu tjóni með háttsemi sinni.

Dómsmál það sem FH knattspyrnudeild höfðaði gegn KSÍ er ekki íþróttatengt mál. Í því reynir ekki á reglur sem eru sérstakar fyrir knattspyrnuna. Ekki er í raun heldur deilt um efni eða inntak reglugerðar KSÍ um útgáfu aðgönguskírteina. Reglan sem um ræðir er einföld en um leið ítarleg og felur í sér tæmandi talningu, þannig að hún kallar ekki á túlkun enda hefur ekki orðið vart við ágreining með aðilum um hvernig eigi að túlka hana. Ágreiningurinn snýst eingöngu um framkvæmd stjórnar KSÍ við útgáfu skírteinanna. Knattspyrnudeild FH telur að stjórn KSÍ hafi við þessa útgáfu, árum saman, annað hvort af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, valdið sér stórfelldu fjárhagslegu tjóni. Þetta er venjulegt skaðabótamál sem lýtur reglum skaðabótaréttarins en hefur ekkert með sérreglur Knattspyrnusambandsins að gera.

Knattspyrnudeild FH átti þess ekki kost að leita réttar síns með öðrum hætti en með höfðun dómsmáls fyrir almennum dómstólum. Hún gat ekki beint málefni þessu til Aga- og úrskurðarnefndarinnar og koma þar ýmsar ástæður til sem hér skulu raktar:

Samkvæmt gr. 30.3 í lögum KSÍ getur Aga- og úrskurðarnefndin tekið ákvörðun um viðurlög skv. lögum sambandsins, reglugerðum KSÍ og aga- og úrskurðarreglum KSÍ gegn aðildarfélögum, forráðamönnum, leikmönnum, þjálfurum, starfsmönnum, umboðsmönnum og öðrum þeim sem eru innan vébanda aðildarfélaga KSÍ. Nefndin hefur því ekki lögsögu yfir sambandinu sjálfu eða stjórn þess. Hún getur þannig ekki mælt fyrir um viðurlög við því er stjórn sambandsins eða starfsmenn þess brjóta gegn aðildarfélagi. Nefndin hefði því ekki getað tekið fyrir og úrskurðað í máli sem FH hefði vísað til hennar vegna framkvæmdar á útgáfu aðgönguskírteina.

Það eina sem Aga- og úrskurðarnefndin hefur vald til að gera, verði það niðurstaða hennar að brot hafi verið framið, er að mæla fyrir um viðurlög. Þau viðurlög sem nefndin getur beitt eru tæmandi talin í 40. gr. laganna. Þau eru aðvörun, ávítur, sekt eða skil verðlauna. Enn og aftur gerir 40. gr. ekki ráð fyrir að stjórn KSÍ sé beitt slíkum viðurlögum.

Aga- og úrskurðarnefnd getur eðli málsins samkvæmt ekki mælt fyrir um skaðabóta- eða greiðsluskyldu eins aðila innan vébanda hreyfingarinnar gagnvart öðrum. Eingöngu þeir dómstólar sem skipaðir eru af ríkisvaldinu til að úrskurða í ágreiningsmálum landsmanna, dómstólar sem stofnaðir eru og byggðir á lögum, eru til þess bærir að dæma um bótaskyldu manna. Eina undantekningin á því er ef menn

hafa samið fyrirfram um að hugsanlegur ágreiningur þeirra fari fyrir gerðardóm ef upp kemur. Slík málsmeðferð lítur svo aftur sérstökum reglum samkvæm lögum nr. 53/1989 um sammingsbundna gerðardóma.

Í grein 39.1 í lögum KSÍ segir að Aga- og úrskurðarnefnd og áfrýjunardómstóllinn hafi fullnaðar lögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda sambandsins, sem varða lög og reglugerðir KSÍ eftir því sem við á. Eins og fyrr er rakið varðar ágreiningurinn í dómsmáli því sem rekið er fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur ekki lög og reglugerðir KSÍ. Það varðar störf stjórnar KSÍ, skaðabótaskylda hegðun þeirra sem þar vinna, hegðun sem valdið hefur umbjóðanda mínum tjóni. Það á heldur alls ekki við að þessir úrskurðaraðilar innan hreyfingarinnar blandi sér í þennan ágreining sem er dæmigerður einkaréttarlegur ágreiningur á milli tveggja sjálfstæðra lögaðila.

Stjórn KSÍ skilaði greinargerð sinni í dómsmálinu hinn 3. apríl s.l. Aðalkrafa hans (sic) er um frávísun málsins frá dómi. Sú krafa byggist alfarið á sömu málsástæðum og stjórnin færir fyrir kröfum sínum til aganefndarinnar. Málflutningur um þá kröfu stjórnarinnar er fyrirhugaður hinn 26. ágúst n.k. Verður að telja það óeðlilegt og í raun alveg fráleitt að Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ fjalli um og skeri úr um ágreining sem þegar er kominn til meðferðar hjá almennum dómstólum.

Knattspyrnudeild FH telur að allt framangreint leiði óhjákvæmileg til þess að kröfum stjórnar KSÍ á hendur henni verði hafnað. Það getur ekki talist agabrot í íþróttastarfsemi þótt aðili kjósi að nýta stjórnarskrárbundin mannréttindi sín og leiti til dómstóla með ágreining sinn. Slík niðurstaða stæðist einfaldlega ekki lög. Að auki gera lög- og reglugerðir KSÍ ekki ráð fyrir því að úr slíkum ágreiningi sé skorið af stofnunum sambandsins. Þær eru ekki bærar til að fella dóma í slíkum málum og jafnvel þótt slíkur dómur væri upp kveðinn væri hann ekki aðfararhæfur að íslenskum lögum. Hann væri í raun markleysa.“

IV.

Þriðjudaginn 4. nóvember 2014 vísaði Aga-og úrskurðarnefnd máli þessu frá á neðangreinum forsendum:

„Kæra kæranda, stjórnar KSÍ, byggist á því að hinn kærði, knattspyrnudeild FH, hafi gerst brotlegur við skilmála þá sem forráðamaður kærða ritaði undir í þátttökutilkynningu kærða fyrir Íslandsmót og bikarkeppni árin 2013 og 2014. Þar kemur m.a. fram að kærði hafi fallist á að komi upp ágreiningur innan knattspyrnuhreyfingarinnar skuli sá ágreiningur til lykta leiddur innan hreyfingarinnar eins og komi fram í 39. grein laga KSÍ og 44. grein leyfisreglugerðar KSÍ.

Í grein 39.1. í lögum KSÍ segir m.a. að Aga – og úrskurðarnefnd KSÍ og Áfrýjunardómstóll KSÍ hafi fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem upp koma innan vébanda KSÍ, sem varða lög og reglugerðir KSÍ eftir því sem við á, og í grein 39.2. sömu laga segir jafnframt að öll ágreiningsmál gagnvart aðildarfélögum KSÍ, forráðamönnum félaganna, leikmönnum, þjálfurum, liðsstjórum, umboðsmönnum og öðrum þeim sem eru innan vébanda aðildarfélaga KSÍ skuli rekin fyrir Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ og Áfrýjunardómstól KSÍ nema það sé sérstaklega heimilað í lögum eða reglugerðum KSÍ að reka málið fyrir nefndum innan KSÍ en aldrei skal heimilt að reka ágreiningsmál fyrir almennum dómstólum.

Kærði rekur nú fyrir almennum dómstólum ágreiningsmál vegna útgáfu kæranda á aðgönguskírteinum að knattspyrnuleikjum. Í því dómsmáli krafðist kærandi frávísunar þar sem ágreiningsefnið ætti ekki undir almenna dómstóla. Málflutningur fór fram um þessa frávísunarkröfu þann 26. ágúst s.l. og úrskurður kveðinn upp þann 29. september s.l. þar sem Héraðsdómur Reykjavíkur kemst að þeirri niðurstöðu að af ákvæðum laga og reglna KSÍ sem lúta að úrlausn ágreiningsmála sé ljóst að reglurnar veiti Aga-og úrskurðarnefnd KSÍ og Áfrýjunardómstól KSÍ ekki heimild til að ákvarða greiðslu skaðabóta frá einum málsaðila til annars auk þess sem verulegur vafi sé að ágreiningur við stjórn KSÍ eigi undir úrskurðarvald framangreindara aðila.

Þær meginreglur sem að ofan eru raktar í lögum KSÍ í greinum 39.1. og 39.2. um að aldrei skuli heimilt að reka ágreiningsmál fyrir almennum dómstólum ná yfir nær öll ágreiningsmál innan knattspyrnuhreyfingarinnar.

Héraðsdómur rökstyður hins vegar í sinni niðurstöðu að undantekning geti þó verið frá þessum meginreglum einkum þegar stefnandi krefst skaðabóta úr hendi stefnda. Ágreiningur málsaðila fyrir almennum dómstólum snýst í meginatriðum um skaðabætur. Verði kröfur stefnanda teknar til greina verða þær aðfararhæfar samkvæmt lögum um aðför nr. 90/1989. Dóms- og úrskurðarvald aga-og úrskurðarnefndar KSÍ nær ekki til slíkra krafna, enda hefur nefndin lögum samkvæmt ekki heimild til að kveða upp aðfararhæfar úrlausnir.

Ber þegar af þeirri ástæðu að vísa þessu máli frá, enda þetta afmarkaða ágreiningsefni nú til umfjöllunar hjá almennum dómstólum sem kveða mun upp efnisdóm í málinu innan skamms.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá Aga-og úrskurðarnefnd KSÍ

V.

Kærandi áfrýjaði þessari niðurstöðu til áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands sem kvað þann 9. janúar s.l. upp svohljóðandi dóm:

„Hinn áfrýjaði úrskurður var kveðinn upp af aga-og úrskurðarnefnd Knattspyrnusambands Íslands þann 4. nóvember 2014, þar sem málinu var vísað frá. Tilkynning um áfrýjun barst skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands(KSÍ) 10 nóvember 2014 og gerir áfrýjandi þær kröfur að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og málinu vísað að nýju til aga-og úrskurðarnefndar til efnismeðferðar. Knattspyrnudeild Fimleikafélags Hafnarfjarðar(FH) krefst þess að úrskurður aga-og úrskurðarnefndar verði staðfestur“

Röksemdir áfrýjunardómstóls KSÍ fyrir niðurstöðu sinni eru eftirfarandi:

„Í grein 39.1 í lögum KSÍ segir meðal annars að aga-og úrskurðarnefnd KSÍ hafi fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem upp koma innan vébanda KSÍ sem varða lög og reglugerðir KSÍ eftir því sem við á. Eins og að framan greinir höfðaði Knattspyrnudeild FH mál á hendur KSÍ fyrir almennum dómstóli til greiðslu skaðabóta.

Þótt Héraðsdómur Reykjavíkur telji í niðurstöðu sinni um frávísunarkröfu KSÍ að Knattspyrnudeild FH sé heimilt að höfða skaðabótamál gegn KSÍ fyrir almennum

dómstólum útilokar það ekki að Knattspyrnudeild FH sé beitt agaviðurlögum af þeim sem til þess eru bærir samkvæmt grein 39.1 í lögum KSÍ. Kæra stjórnar KSÍ til aga-og úrskurðarnefndar KSÍ snýr að meintum brotum Knattspyrnudeildar FH á lögum og reglugerðum KSÍ. Ekki er því um að ræða sama sakarefni og í málshöfðun Knattspyrnudeildar FH fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til greiðslu skaðabóta þótt sömu málsástæður kunni að einhverju leyti að eiga við í báðum málunum. Með vísan til þess sem að framan greinir er hinn áfrýjaði úrskurður felldur úr gildi og málinu vísað til aga-og úrskurðarnefndar KSÍ til efnismeðferðar.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er felldur úr gildi og málinu vísað til aga-og úrskurðarnefndar Knattspyrnusambands Íslands til efnismeðferðar.“

VI.

Með vísan til fyrrgreindrar niðurstöðu áfrýjunardómstóls KSÍ er mál þetta nú tekið til efnismeðferðar

Kærandi krefst þess að nefndin beiti viðurlögum við meintu broti þessu í samræmi við 40. grein laga KSÍ. Í grein 40.1. eru þau viðurlög talin upp sem beita má gagnvart einstaklingum og félögum en það eru:

- a. aðvörun,
- b. ávítur,
- c. sekt,
- d. skil verðlauna.

Í grein 40.3. eru tilgreindar þær refsingar sem beita má gagnvart félögum, en þær eru:

- a. félagaskiptabann,
- b. leika án áhorfenda,
- c. leika á hlutlausum velli,
- d. bann að leika á tilteknum leikvelli,
- e. ógilding leiks,
- f. brottvísun úr mótí,
- g. ósigur í leik,
- h. stig fráðregin,
- i. fall í lægri deild,
- j. dagsektir.

Af gögnum málsins verður ráðið að kærði stefndi málinu beint fyrir dóm án þess að reyna lausn þess á grundvelli þeirra laga og reglna sem gilda um samskipti aðilanna innan KSÍ. Ágreiningur málsins snýr að því, að kærði hafi með þessu brotið gegn skýlausu ákvæði í grein 39.2 í lögum KSÍ

Um ágreining var að ræða milli aðila um framkvæmd á reglugerð KSÍ um útgáfu aðgönguskírteina og vegna viðbragða kærða reyndi þar af leiðandi aldrei á það hvort leysa hefði mátt málið á fyrri stigum á annan veg, án þess að krafa um skaðabætur stofnaðist. Af hálfu kærða var því ekki reynt að ná viðundandi niðurstöðu í málinu innan stofnana knattspyrnuhreyfingarinnar. Þess í stað var málinu stefnt beint fyrir dóm þrátt fyrir skýr ákvæði í grein 39.2. um að reka ekki ágreiningsmál milli aðila innan knattspyrnuhreyfingarinnar fyrir almennum dómstólum. Burtséð frá því hvort kærði hafi heimild til þess að höfða skaðabótamál fyrir almennum dómstólum eða ekki, er ljóst að ámælisvert er á grundvelli grunnraka í grein 39.1. og 39.2 í lögum KSÍ af hálfu kærða, að hafa ekki reynt að ná ásættanlegri niðurstöðu í málinu áður en leitað var með málið til almennra dómstóla. Af þeim sökum telur Aga-og

úrskurðarnefnd KSÍ að kærði hafi brotið framangreinda grein 39.2 í lögum KSÍ og beri að ávíta kærða á grundvelli b-liðar í grein 40.1. í lögum KSÍ.

Úrskurðarorð

Knattspyrnudeild FH er ávítt skv. b-lið greinar 40.1 í lögum KSÍ, fyrir að brjóta gegn grein 39.2 í lögum KSÍ.

Gunnar Guðmundsson
sign.

Sigurður I. Halldórsson
sign

Halldór Frímansson
sign.

Um áfrýjun:

Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ skal vera 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frí dagar ekki taldir með.